

Viðhaldsstjórnunarkerfi sem skilar árangri

Lægri rekstrarkostnaður, aukið rekstraröryggi og meiri framleiðni



Maintx er viðhaldsstjórnunarkerfi með mikla áherslu á fyrirbyggjandi viðhald. Tilgangur þess er að auðvelda notendum að stjórna með skilvirkum hætti viðhaldi á öllum efnislegum eignum sínum.

Kerfið er auðvelt og þægilegt í notkun og sveigjanlegt að þörfum hvers og eins. Eftir uppsetningu er kerfið tilbúið til notkunar án mikillar fyrirhafnar eða kostnaðar.

Hvað gerir viðhaldsstjórnunarkerfið?

- Í fyrsta lagi heldur kerfið utan um allar efnislegar eignir, tæki og áhöld fyrirtækisins og upplýsingar um viðhald þeirra.
- Í öðru lagi sér kerfið um að sjálfvirkt minna á að láta framkvæma allar aðgerðir sem falla undir fast/skipulagt viðhald og reglubundið eftirlit.

- Í þriðja lagi sér innbyggt birgðabókhald varahluta um að alltaf séu til varahlutir fyrir umrætt viðhald og að þeir séu pantaðir í tæka tíð.

Hönnunin byggð á reynslu viðhaldssérfræðinga

Viðhaldsstjórnun er mikilvæg fyrir nánast alla þætti í rekstri fyrirtækja. Hugbúnaður fyrir verkefni af þessu tagi þarf því að vera vel hannaður og þægilegur í notkun.

Þess vegna hefur alla tíð verið lögð á það áhersla við hönnun og þróun á Maintx hugbúnaðinum að byggja sem mest á hugmyndum og reynslu tæknimanna og sérfræðinga á hinum ýmsum sviðum viðhaldsverkefna.

Maintx skilar þér miklum ávinningi

Maintx er íslensk lausn hönnuð fyrir bæði fyrirbyggjandi (skipulagt) og tilfallandi viðhald eigna. Lausnina er m.a. unnt að láta sjálfvirk hafa eftirlit með og tilkynna hvenær komið er að viðhaldi. Helsti ávinningur:

Lækkun á kostnaði

Með Maintx er unnt að minnka tímann sem nota þarf til að hafa eftirlit með öllum eignum viðhalds- og kostnaðarlega. Þá skilar kerfið notendum skýrslum með mikilvægum upplýsingum sem illmögulegt er að útbúa í handvirku viðhaldsstjórnunarkerfi.

Minni viðhaldsvinna

Með Maintx geta fyrirtæki minnkað mikið sína viðhaldsvinnu með betri stjórnun á öllu viðhaldi og með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald til þess að fækka óvæntum bilunum og kostnaðarsömum stöðvunum á rekstrinum.

Minni hættu á rekstrarstöðvunum

Maintx er unnt að lágmarka þann tíma sem tæki og búnaður eru ekki í notkun vegna bilana. Fyrirbyggjandi viðhald, þar sem verk eru ýmist fyrirfram skipulögð eða framkvæmd á grundvelli mælinga á ástandi eru besta leiðin til að minnka rekstrarstöðvanir vegna bilana.

Færri bilanir

Stórfelldar bilanir gerast ekki óvænt. Þær eru oftast afleiðing ófullnægjandi viðhalds/eftirlits. Það er m.a. hér sem Maintx er að skila notendum miklum ávinningi með sterkum stuðningi við fyrirbyggjandi viðhaldslausnir.

www.maintx.is